




Siðareglurnar okkar!



A close-up photograph of a person's thumb holding a single white puzzle piece. The puzzle piece is centered in the frame, and the text is overlaid on it. The background is a soft, out-of-focus blue.

Hvað eru SIÐAREGLUR




Siðferði og siðareglur eru heimspekileg hugtök sem fræðimenn hafa glímt við að skilgreina. Flestir hafa skoðun á því í hverju „gott siðferði” felst. Það eru kunn sannindi að rangt sé að ljúga, stela og svíkja en rétt að vera heiðarlegur, hjálpfús og æðrulaus. Erfiðleikarnir skapast þegar kemur að því að túlka ólíkar aðstæður í ljósi þessara almennu sanninda.

Siðareglur stofnunar eða fyrirtækis eru leiðbeiningar um það hvernig æskilegt er að starfsfólk bregðist við þegar siðferðileg álitamál koma upp í störfum þess. Í siðareglum birtast gjarnan þau gildi sem eiga að einkenna samskipti á vinnustað. Slíkar reglur ná til allra starfsmanna vinnustaðarins og sameina oft siðareglur þeirra ólíku starfsstétta sem þar vinna.

Siðareglur urðu til vegna þess að mönnum er nauðsyn á því að samskipti þeirra geti gengið *friðsamlega* fyrir sig. Þau eru *leikreglur* sem menn sjá að hyggilegt er að halda til þess að tryggja eigin afkomu. Þótt þær komi ef til vill í veg fyrir að einstaklingur nái að fullnægja tiltekinni löngun á tilteknum tíma, þá þjóna þær hagsmunum hvers og eins til lengri tíma litið. Að þessu leyti eru siðareglur eins og umferðarreglur; þær koma skikkan á umferðina sem gerir mér kleift að komast leiðar minnar þótt það geti skaðað stundarhagsmuni mína að bíða á rauðu ljósi þegar mikið liggur við.

Vísindavefurinn

- 
- The background image shows a bright, modern interior space, likely a lounge or common area. It features large glass windows on the right side, offering a view of the outdoors. The floor is made of light-colored tiles. There are several indoor plants, including a large potted plant in the foreground on the left and smaller ones in the background. The furniture includes white chairs and tables, a wooden bench with cushions, and a white cylindrical object. The overall atmosphere is clean, bright, and contemporary.
- Siðareglur eru leiðbeiningar eða reglur sem segja til um hvernig einstaklingar eða hópar ættu að haga sér í siðferðislegum eða faglegum aðstæðum.
 - Þær eru oft notaðar til að tryggja réttlæti, heiðarleika og ábyrgð í samskiptum, hvort sem um er að ræða í atvinnulífinu, í stjórnmálum eða í daglegu lífi.
 - Siðareglur geta verið formlegar, eins og þær sem eru settar af fagfélögum, eða óformlegar, byggðar á menningu og hefðum.



Þín leið: Siðareglur

Siðareglur

Samþykktar á háskólaþingi 31. október 2019 og staðfestar í háskólaráði 5. desember 2019.

+ Formáli

+ 1. Fagmennska, metnaður og traust

+ 2. Jafnrétti

+ 3. Akademískt frelsi og vönduð vinnubrögð

+ 4. Samvinna og gagnkvæm virðing

+ 5. Sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð

+ 6. Heilindi, ábyrgð og hollusta

+ 7. Viðbrögð við háttsemi og erindum



- <https://www.althingi.is/thingmenn/hagsmunaskraning/sidareglur/>

Siðareglur Kennarasambands Íslands

Fagmennska kennara snýr að nemendum. Kennari:

- Menntar og stuðlar að alhliða þroska
- Sýnir áhuga og umhyggju
- Ber virðingu fyrir fjölbreytileika og ólíkum þörfum
- Virðir réttindi og lætur sig hagsmunum og velferð varða
- Eflir og eykur viðsýni

Fagmennska er kjarni siðareglna. Kennari:

- Er meðvitaður um valdastöðu sína og misnotar hana ekki
- Eflir gagnrýna hugsun og ræðir siðferðileg álitamál
- Skapar góðan starfsanda, hvetjandi námsumhverfi, eflir sjálfsrækt og starfsgleði
- Stuðlar að uppbyggilegum samskiptum um málefni nemenda
- Hefur jafnrétti að leiðarljósi og vinnur gegn hvers kyns fordómum, áreitni, ofbeldi og mismunun
- Vinnur að jákvæðri mynd stéttarinnar
- Viðheldur faglegri hæfni sinni og þekkingu

Fagmennska kennara snýr að samfélagi. Kennari:

- Gætir að heiðri og virðingu stéttar sinnar
- Gætir að framkomu sinni á opinberum vettvangi
- Er meðvitaður um samfélagsábyrgð sína
- Gætir trúnaðar við nemendur og forráðamenn

Fagmennska kennara snýr að samstarfsfólki. Kennari:

- Leitast við að eiga góð og uppbyggileg samskipti
- Gætir trúnaðar
- Ber virðingu fyrir fjölbreytileika
- Tekur þátt í faglegu samstarfi á uppbyggilegan hátt





SIÐAREGLUR ÍSÍ

Siðareglur þessar eiga við um alla aðila innan ÍSÍ og sambandsaðila, þ.e. sérsambönd og héraðssambönd/ íþróttabandalög og í öllu starfi og viðburðum sem skipulagðir eru af íþróttahreyfingunni. Kynntu þér og tileinkaðu þær siðareglur sem hér er að finna:

1. Komdu fram af fullkomnum heilindum og háttvísi gagnvart sjálfum þér og öðrum.
2. Gættu trúnaðar og þagmælsku í störfum þínum en þó innan takmarkana lögboðinnar tilkynningarskyldu.
3. Misnotaðu ekki valdastöðu þína eða hvers konar yfirburði sem þú kannt að hafa yfir öðrum.
4. Gættu jafnræðis og varastu að misbjóða virðingu einstaklinga eða hópa t.d. hvað varðar kynþátt, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, félagslega stöðu, aldur, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins.
5. Taktu aldrei, hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti og þess háttar viðburðum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði sem þú getur haft áhrif á.
6. Þiggðu hvorki gjafir eða hlunnindi sem geta leitt til þess að rýra trúverðugleika, sjálfstæði eða hlutleysi þitt.

Siðareglur ÍSÍ voru samþykktar í framkvæmdastjórn 15. nóvember 2018.

Siða- reglur

Með gildi okkar og
heilindi að leiðarljósi





Reykjavík

SIÐAREGLUR kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg

1. Við vinnum fyrir fólkið í borginni og pössum upp á Reykjavík sem heimili komandi kynslóða.
2. Við erum heiðarleg, ábyrg, og sýnum gott fordæmi í okkar störfum.
3. Við kynnum okkur málin og mætum undirbúin til starfa.
4. Við segjum satt en gætum trúnaðar þegar trúnaður þarf að ríkja.
5. Við veitum almenningi og fjölmiðlum nauðsynlegar upplýsingar.
6. Við hugum að því að það sé gott að vinna hjá Reykjavíkurborg.
7. Við förum vel með fjármuni borgarinnar og eignir hennar.
8. Við virðum margbreytileikann og vinnum gegn hvers kyns fordómum.
9. Við sýnum kurteisi, tillitsemi og virðum einkalíf annarra.
10. Við biðjumst afsökunar á mistökum og hlýðum á afsökunarbeiðnir.
11. Við erum meðvituð um að við höfum ólíkar skoðanir.

Samþykkt á fundi borgarstjórnar 18. júní 2019

SIÐAREGLUR

kjörinna fulltrúa hjá Kópavogsbæ

1. gr.

Markmið.

Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttæmi sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni af sér við störf sín fyrir hönd Kópavogsbæjar og upplýsa íbúa um þær kröfur sem gerðar eru til þeirra.

Með kjörnum fulltrúum er átt við bæjarfulltrúa sem og alla aðra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum Kópavogsbæjar.

2. gr.

Gæsla almannahagsmuna.

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Kópavogsbæjar. Þeim ber að gæta almannahagsmuna og hagsmuna sveitarfélagsins, og hafa í heiðri grundvallaratriði góðrar stjórnsýslu.

3. gr.

Ábyrgð.

Kjörnum fulltrúum ber að starfa af kostgæfni, fyrir opnum tjöldum og vera reiðubúnir að rökstyðja ákvarðanir sínar og tilgreina þá þætti sem ákvarðanir þeirra eru byggðar á. Þeir skulu bera ábyrgð gagnvart bæjarbúum í heild sinni og svara fyrirspurnum almenninga um framkvæmd þeirra starfa sem þeir bera ábyrgð á sem kjörnir fulltrúar.

4. gr.

Háttvísi og valdmörk.

Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar koma fram af háttvísi. Þeim ber að virða ákvörðunarvald og réttindi annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins. Þeir mega ekki hvetja eða aðstoða kjörinn fulltrúa eða starfsmann Kópavogsbæjar við að brjóta þær meginreglur sem hér eru settar fram.

5. gr.

Misbeiting valds.

Kjörnir fulltrúar mega ekki beita réttindum eða aðstöðu sem fylgja embætti þeirra í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra í því skyni að geta notið óbeinna eða beinna persónulegra hagsbóta af því. Einnig skulu þeir gæta þess að nýta sér ekki óopinberar upplýsingar til að hagnast á þeim persónulega eða að hjálpa öðrum að gera það.

6. gr.

Gjafir og fríðindi.

Kjörnir fulltrúar skulu tilkynna forsætisnefnd um allar gjafir sem þeir þiggja vegna stöðu eða starfa sinna. Óheimilt er að þiggja gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim sem leita eftir þjónustu Kópavogsbæjar, ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.

7. gr.

Hagsmunaaðrekstrar.

Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaaðrekstra í störfum sínum. Þegar kjörinn fulltrúi á óbeinna eða beinna persónulegra hagsmuna að gæta í máli sem er til umfjöllunar hjá bæjarstjórn, bæjarráði, eða í öðru nefndarstarfi fyrir hönd sveitarfélagsins, skal hann gera grein fyrir þessum hagsmunum áður en umræður fara fram og atkvæði eru greidd ef vafi getur leikið á um hæfi hans.

Kjörnir fulltrúar sem sitja í stjórnun í einkareknum eða opinberum félögum sem gætu átt hagsmuna að gæta vegna beinna eða óbeinna viðskipta við bæjarfélagið, skulu upplýsa um það.

8. gr.

Ábyrgð í fjármálum.

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé íbúa sveitarfélagsins. Við störf sín skulu kjörnir fulltrúar ekki aðhafast neitt sem felur í sér misnotkun á almannafé svo sem einkanotkun á byggingum bæjarins, bílum, tækjum og tólum nema slík notkun falli undir heimildir sem ákveðnar eru af bæjarstjórn.

9. gr.

Stjórnsýslueftirlit

Kjörnir fulltrúar skulu virða stjórnsýslueftirlit hjá Kópavogsbæ og leggja sitt af mörkum til þess að markmið þess náist.

10. gr.

Að virða hlutverk starfsmanna

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum virða hlutverk starfsmanna Kópavogsbæjar. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða kjörna fulltrúanum á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila nátengdum honum eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.

11. gr.

Stöðuveitingar

Kjörnum fulltrúum ber að koma í veg fyrir að einstaklingum sé veitt starf eða stöðuhækkun hjá sveitarfélaginu á öðrum forsendum en hæfni til að rækja starfið og gæta þess, þegar þeir koma sjálfir að ákvörðun um val á starfsmönnum, að hæfasti umsakjandinn hljóti starfið.

12. gr.

Bann við að tryggja sér stöður.

Kjörnir fulltrúar skulu ekki viðhafa neitt í störfum sínum sem hefur það að markmiði að tryggja þeim starfsgætt ávinning í framtíðinni, til dæmis í;

- opinberri stofnun eða einkafyrirtæki sem þeir hafa haft eftirlit með í störfum sínum.
- opinberri stofnun eða einkafyrirtæki sem þeir hafa stofnað til samningssambands við í störfum sínum.
- opinberri stofnun eða einkafyrirtæki sem sett var á laggimar meðan þeir gegndu embætti og samkvæmt því ákvörðunarvaldi sem þeim var falið.

13. gr.

2

Ráðsmennska

Kjörnir fulltrúar skulu taka fullt tillit til umbjóðenda sinna og veita þeim þá bestu þjónustu sem þeim er unnt. Þetta felur m.a. í sér að;

- leysa verkefni eftir bestu getu á sem skemmstum tíma hvort sem verkefnið er stoðverkefni milli sviða, verkefni nefnda eða bein úrlausn fyrir bæjarbúa.
- virða einkalíf með þagmælsku um persónulega hagi og aðrar upplýsingar sem viðkomandi kann að áskotnast í störfum sínum fyrir bæjarfélagið.
- upplýsa þá sem það á við um réttindi þeirra, skyldur og úrræði til lausnar verkefna og vandamála.
- virða og verja rétt einstaklinga til sjálfsákvörðunar eins og mögulegt er.

14. gr.

Málsmeðferð vegna ætlaðs brots

Forsætisnefnd sker úr um hvort siðareglur þessar hafi verið brotnar. Leiki grunur á að kjörinn fulltrúi hafi brotið ákvæði regnanna tekur forsætisnefnd málið til umfjöllunar, að eigin frumkvæði eða á grundvelli skriflegar rökstuddrar ábendingar. Niðurstæða forsætisnefndar skal kynnt á fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar. Telji nefndin að um brot sé að ræða getur hún lagt til að forseti bæjarstjórnar áviti viðkomandi vegna brotsins.

15. gr.

Miðlun siðaregina til kjörinna fulltrúa, embættismanna og almenninga

Kjörnum fulltrúum ber að tileinka sér þessar siðareglur og lýsa því yfir að þeir séu reiðubúnir til að hafa þessar siðareglur að leiðarljósi og staðfesti þann vilja með undirskrift sinni í upphafi hvers kjörtímabils. Siðareglur Kópavogsbæjar á hverjum tíma skulu vera aðgengilegar starfsfólki sveitarfélagsins, almenningi og fjölmiðlum til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Kópavogs þann 27. janúar 2015.

INNANRÍKISRAÐUNEYTI
12.2.2015

3. gr.
Ábyrgð.

Kjörnum fulltrúum ber að starfa af kostgæfni, fyrir opnum tjöldum og vera reiðubúnir að rökstyðja ákvarðanir sínar og tilgreina þá þætti sem ákvarðanir þeirra eru byggðar á. Þeir skulu bera ábyrgð gagnvart bæjarbúum í heild sinni og svara fyrirspurnum almenninga um framkvæmd þeirra starfa sem þeir bera ábyrgð á sem kjörnir fulltrúar.

NÝTT: Við störfum í þágu Kópavogsbúa allra með opnu samtali, upplýsingaflæði og hlustum á sjónarmið þeirra. Markmiðið er að efla bæjarfélagið í átt að farsæld íbúanna.

Kjörnir fulltrúar

og veita þeim þá bestu þjónustu

- virða einkalíf með þagmælsku um persónulega hagi og aðrar upplýsingar sem viðkomandi kann að áskotnast í störfum sínum fyrir bæjarfélagið.
- upplýsa þá sem það á við um réttindi þeirra, skyldur og úrræði til lausnar verkefna og vandamála.
- virða og verja rétt einstaklinga til sjálfsákvörðunar eins og mögulegt er.

2. gr.

Gæsla almannahagsmuna.

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Kópavogsbæjar. Þeim ber að gæta almannahagsmuna og hagsmuna sveitarfélagsins, og hafa í heiðri grundvallaratriði góðrar stjórnsýslu.

4. gr.

Háttvísi og valdmörk

Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar gæta ákvörðunarvalds og réttindi annarra borgara og starfsmanna sveitarfélagsins. Þeir mega ekki hvetja til ástæðulausra eða starfsmann Kópavogsbæjar við að brjóta hagsmuna sveitarfélagsins fram.

5. gr.

Misbeiting valds.

Kjörnir fulltrúar mega ekki beita réttindum eða aðstöðu sem fylgir þágu einkahagsmuna sinna eða annarra í því skyni að draga persónulegra hagsbóta af því. Einnig skulu kjörnir fulltrúar gefa upplýsingar til að hagnaast af þágu einkahagsmuna sinna eða annarra.

7. gr.

Hagsmunaárekstrar.

Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Þegar kjörinn fulltrúi á óbeinna eða beinna persónulegra hagsmuna að gæta í máli sem er til umfjöllunar hjá bæjarstjórn, bæjarráði, eða í öðru nefndarstarfi fyrir hönd sveitarfélagsins, skal hann gera grein fyrir þessum hagsmunum áður en umræður fara fram og atkvæði eru greidd ef vafi getur leikið á um hæfi hans.

Kjörnir fulltrúar sem sitja í stjórnunum í einkareknum eða opinberum félögum sem gætu átt hagsmuna að gæta vegna beinna eða óbeinna viðskipta við bæjarfélagið, skulu upplýsa um það.

NÝTT: Við störfum af heilindum og ábyrgð, sýnum háttvísi og berum virðingu fyrir skoðunum annarra.

NÝTT: Við nýtum ekki stöðu okkar eða upplýsingar fengnar í starfi í þágu eiginhagsmuna eða hagsmuna tengdra aðila.

8. gr.

Ábyrgð í fjármálum.

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og
sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé. Við störf
sín skulu kjörnir fulltrúar ekki nota almannafé til misnotkun á almannafé svo sem
einkanotkun á heimilum og tólum nema slík notkun falli undir
heimild bæjarstjórn.

NÝTT: Við stöndum vörð um fjármuni bæjarins og förum vel með eignir hans enda er traustur rekstur undirstaða farsældar og velmegunar.

10. gr.

Að virða hlutverk starfsmanna

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum starfsmanna Kópavogsbæjar. Þeir mega ekki hlutast til umráða eða stjórna starfsmönnum Kópavogsbæjar. Kjörna fulltrúanum er heimilt að taka ákvarðanir um hlutverk starfsmanna Kópavogsbæjar sem hefur þann tilgang að verða náttúrulega hluti af starfsmönnum Kópavogsbæjar til hagsmunalegs ávinnings. Þetta gildir um öðla náttúrulega hluti af starfsmönnum Kópavogsbæjar og fyrirtækjum.

NÝTT: Það á að vera gott að vinna hjá Kópavogsbæ og í því augnamiði virðum við hlutverk og störf starfsmanna, sýnum kurteisi og tillitsemi í samskiptum við þá.

NÝTT: Við kynnum okkur málin, komum undirbúin til starfa segjum satt og rétt frá, gætum trúnaðar og sýnum sanngirni í hvívetna.



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

SIÐAREGLURNAR OKKAR

Við störfum í þágu allra Kópavogsbúa með opnu samtali,
virku upplýsingaflæði og hlustum á ólík sjónarmið.
Farsæld íbúanna er okkar hjartans mál!

Við stöndum vörð um fjármuni bæjarins og förum vel með eigur
hans enda er traustur rekstur undirstaða farsældar og vaxtar

Við nýtum ekki stöðu okkar eða upplýsingar fengnar í
starfi í þágu eigin hagsmuna eða hagsmuna tengdra aðila

Við störfum af heilindum og ábyrgð, sýnum háttvísi og berum
virðingu fyrir skoðunum annarra

Það á að vera gott að vinna hjá Kópavogsbæ og í því
augnamiði virðum við hlutverk og störf starfsmanna,
sýnum kurteisi og tillitsemi í samskiptum við þá

Við kynnum okkur málin, komum undirbúin til starfa, segjum satt
og rétt frá, gætum trúnaðar og sýnum sanngirni í hvívetna

SIÐAREGLURNAR *okkar!*

Við störfum í þágu allra Kópavogsbúa með opnu samtali, virku upplýsingaflæði og hlustum á ólík sjónarmið. Farsæld íbúanna er okkar hjartans mál!

Við stöndum vörð um fjármuni bæjarins og förum vel með eigur hans enda er traustur rekstur undirstaða farsældar og vaxtar

Við nýtum ekki stöðu okkar eða upplýsingar fengnar í starfi í þágu eigin hagsmuna eða hagsmuna tengdra aðila

Við störfum af heilindum og ábyrgð, sýnum háttvísi og berum virðingu fyrir skoðunum annarra

Það á að vera gott að vinna hjá Kópavogsbæ og í því augnamiði virðum við hlutverk og störf starfsmanna, sýnum kurteisi og tillitsemi í samskiptum við þá

Við kynnum okkur málin, komum undirbúin til starfa, segjum satt og rétt frá, gætum trúnaðar og sýnum sanngirni í hvívetna



Takk fyrir

